

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum. Ekki er greitt fyrir júlí. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni. Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi barn hafi náð 9 mánaða aldri og eigi lögheimili í Garðabæ.
2. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
3. Að barn sé slysatriytt.
4. Að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og dagvistarfulltrúa Garðabæjar.

Ef að foreldrar eiga ekki rétt á fullu fæðingarorlofi geta þeir sótt um greiðslu þegar barn nær 6 mánaða aldri.

A Mánaðarleg greiðsla skal miða við dvalartíma barns að hámarki með eftirfarandi hætti.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:		Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 37.326	kr. 60.311
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 46.658	kr. 73.513
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 55.694	kr. 86.419
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 65.840	kr. 100.435
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 74.657	kr. 113.122

Ef um hálfrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 4.666 fyrir hverja hálfa stund.

B Niðurgreiðsla til einstæðra foreldra og foreldra sem eru í fullu námi.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:		Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 44.628	kr. 61.421
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 55.787	kr. 74.902
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 66.803	kr. 88.240
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 78.106	kr. 101.865
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 89.262	kr. 115.343

Ef um hálfrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 5.578 fyrir hverja hálfa stund.

Leggja skal fram fjölskylduvottorð í tilviki einstæðra foreldra og námsvottorð skóla í tilviki námsmanna.

Greiðslufjárhæð til einstæðra foreldra og námsmanna er háð tímabundnu ákvæði í Gjaldskrá leikskóla um hækkun á afslætti einstæðra foreldra og námsmanna úr 30% í 40% og gildir til ársloka 2017.

Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn í leikskólavist, fá 50% afslátt af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram eitt. Það á þó ekki við um foreldra sem njóta sérstakrar niðurgreiðslu samkvæmt B – lið.

Reglur þessar taka gildi 1. mars 2017 og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur samþykktar í bæjarstjórn 5. janúar 2017.

*Samþykkt í bæjarráð Garðabæjar
20. júní 2017*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*